# Námsáætlun fyrir Náttúrufræði - 7. bekkur

**Tímafjöldi:** 3 kennslustundir á viku

| Námsþættir | Hæfniviðmið<br>Við lok 7. bekkjar getur nemandi: | Kennsluhættir/leiðir | Námsmat |
|---|---|---|---|
| **Geta til aðgerða** | Að nemandi geti:<br>• Tekið afstöðu til málefna sem varða heimabyggð með því að vega og meta ólíka kosti | Nemendur fá þjálfun í því að afla sér upplýsinga og taka upplýsta afstöðu til málefna sem varða þeirra heimabyggð | Rökræður |
| **Nýsköpun og hagnýting þekkingar** | Að nemandi geti:<br>• fjallað um þekktar tækninýjungar og eða vísindauppgötvanir<br>• geti metið áhrif þeirra á atvinnulíf, mannlíf í heimabyggð, umhverfi og náttúru. | Áhersla verður lögð á að nemendur kynnist tækniþróun á margvíslegan hátt. Kennari mun kynna fyrir nemendum stærstu stökk í tækniþróun síðustu ára og skapa umræðu um áhrif þeirra á heiminn eins og við þekkjum hann í dag. | • Fjölbreytt verkefni og kannanir eru lagðar fyrir sem verða hluti af lokamati. |

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Gildi og hlutverk vísinda og tækni** | Að nemandi geti:<br><br>• tengt þekkingu og beitingu vinnubragða í náttúrufræðinámi við lausn annarra verkefna<br>• geti útskýrt hugsanleg áhrif nýjustu tækni og vísinda á vísindalega þekkingu. | Nemendur vinna þverfaglegt verkefni þar sem þeir nýta upplýsingar sem þeir hafa aflað sér í náttúrufræðinámi til að styrkja aðra þætti í náminu. | • Fjölbreytt verkefni og kannanir eru lagðar fyrir sem verða hluti af lokamati. |
| **Vinnubrögð og færni** | Að nemandi geti:<br><br>• aflað sér upplýsinga um náttúruvísindi úr efni á öðru tungumáli en íslensku<br>• kannað áreiðanleika heimilda með því að nota bækur, netið og aðrar upplýsingaveitur<br>• hlustað á, metið og rætt hugmyndir annarra um ákveðin málefni.<br>• nýtt upplýsingaver sér til gangs bæði í stýrðu námi og á eigin forsendum<br>• nýtt fjölbreyttar leiðir og leitarvélar við markvissa öflun upplýsinga við hæfi<br>• nýtt rafrænt og gangvirkt námsefni á fjölbreyttan hátt | Nemendur fá þjálfun í því að afla sér marktækra upplýsinga á margbreytilegan hátt þar sem lögð er áhersla á sjálfstæð vinnubrögð. Einnig verður lögð áhersla á að þjálfa nemendur í gagnrýnni hugsun með verkefnavinnu og samræðum. | • Fjölbreytt verkefni og kannanir eru lagðar fyrir sem verða hluti af lokamati. |

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Að búa á jörðinni** | Að nemandi geti:<br>• lýst veðri í heimabyggð og loftslagi á Íslandi<br>• geta útskýrt innbyrðis afstöðu sólar og jarðar og hvernig hreyfing þeirra tengist árstíða-og dægraskiptum og því að tíminn líður<br>• þekkt helstu einkenni reikistjarna í Vetrarbrautinni | Kennari les námsefni fyrir nemendur og skapar umræðu um efnið þar sem aðalatriði textans eru sérstaklega tekin fyrir. Nemendur vinna hópaverkefni þar sem þeir gera líkan og rannsaka nánar helstu einkenni reikistjarnanna. | • Fjölbreytt verkefni og kannanir eru lagðar fyrir sem verða hluti af lokamati. |
| **Lífsskilyrði manna** | Að nemandi geti:<br>• gert grein fyrir muni á hreinu vatni og menguðu<br>• áttað sig á hvað megi gera til að draga úr vatnsmengun<br>• áttað sig á hvar í nærumhverfinu vatnsverdarsvæði eru | Kennari kynnir fyrir nemendum muninn á hreinu og menguðu vatni sem og áhrif vatnsmengunar. Nemendur fá einnig þjálfun í að afla sér ítarupplýsinga sjálfir. | • Fjölbreytt verkefni og kannanir eru lagðar fyrir sem verða hluti af lokamati. |
| **Náttúra Íslands** | Að nemandi geti:<br>• lýst einkennum dýra, stöðu þeirra í náttúrunni<br>• tengsl dýra innbyrðis og við umhverfi sitt | Nemendur vinna einstaklingsverkefni út frá námsefni sem kennari hefur kynnt fyrir þeim. Þau munu afla sér upplýsinga um ákveðna dýrategund og fá tækifæri til að kynna niðurstöður sínar á fjölbreyttann hátt. | • Einstaklingsverkefni um dýr |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | • útskýrt hvernig dýr aðlagast umhverfinu og geri þær hæfari til að lifa af og fjölga sér.<br>• átta sig á að orka í íslensku umhverfi getur breytt um mynd. | | |
| **Heilbrigði umhverfisins** | Að nemandi geti:<br>• lýst þeim fyrirbærum sem hafa áhrif á daglegt líf manna og dýra. | Nemendur vinna verkefni þar sem þeir afla sér upplýsinga og kynna niðurstöður sínar. | • Þemaverkefni |
| **Lokanámsmat:**<br>Fjölbreytt námsmat.<br><br>Við lok 7. bekkjar fá nemendur einkunn í bókstöfum, A, B+, B, C+, C eða D. | | | |